



Reykjavíkurborg
Íþróttá- og tómsunduraráð

Reykjavík, 1. apríl 2020
202004001

Menningar-, íþróttá- og tómsunduraráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Hitt Húsið - gjaldskrá

Lagt er til við menningar-, íþróttá- og tómsunduraráð að það samþykki meðfylgjandi gjaldskrá fyrir Hitt Húsið.


Ómar Einarsson.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

GJALDSKRÁ HINS HÚSSINS

(frá 1.01.2020)

1. Skrifstofuaðstaða:

Innifalið í leigu er eftirfarandi: 1 vinnustöð, aðgangur að síma, símaþjónusta í móttöku, aðgangur að interneti, tölvutenging, tölvuútprentun, aðgangur að fundaraðstöðu og eldhúsi, ræsting á vinnustöð, ljósritun 100 eintök á mánuði (umfram 100 stk. á mánuði – 31 kr. blaðið).

Lokuð skrifstofa: 50.000 kr. m.v. vísitölu febrúar 2019

Vinnustöð í opnu rými: 35.000 kr. m.v. vísitölu í febrúar 2019

2. Önnur rými:

Rafstöðvarvegur 7

Verð miðast við opnunartíma Hins Hússins – Utan opnunartíma bætist við starfsmannakostnaður 4 tímar í yfirvinnu nema ef útleiga er í beinu framhaldi af vakt starfsmanns.

Fundaraðstaða: einstök skipti 5.125 kr. m.v. hálfan dag eða minna, 10.250 kr. m.v. heilan dag.

Matsalur: einstök skipti 10.250 kr. m.v. hálfan dag eða minna, 15.375 kr. m.v. heilan dag.

Miðsalur og Suðursalur: einstök skipti 10.250 kr. m.v. hálfan dag eða minna, 15.375 kr. m.v. heilan dag.

Norðursalur: 25.625 kr. (sama verð fyrir hálfan og heilan dag).

Rafstöðvarvegur 9

Verð miðast við opnunartíma Hins Hússins – Utan opnunartíma bætist við starfsmannakostnaður 4 tímar í yfirvinnu nema ef útleiga er í beinu framhaldi af vakt starfsmanns, en þá greiðist fyrir hvern unnin tíma.

Salur jarðhæð: einstök skipti 10.250 kr. m.v. hálfan dag eða minna, 15.375 kr. m.v. heilan dag.

- Fastir leigutakar sbr. SÍF, AUS og LUF geta bókað rými Hins Hússins. Starfsemi á vegum Hins Hússins hefur þó alltaf forgang. Bókanir fara í gegnum Upplýsingamiðstöðina.

5. Aðrar gjaldskrár (verð með vsk.)

- Ljósritun (eingöngu til leigutaka HH): 31 kr. blaðið

Beiðnir sem þurfa að berast rekstrarstjóra og forstöðumanni í tölvupósti

- Félög eða samtök sem tengjast ungu fólki (þ.e. markhópi HH) sem óska eftir að leigu á **skrifstofuaðstöðu**
- Ungmenni eða félög/samtök sem tengjast ungu fólki (þ.e. markhópi HH) sem óska eftir **gjaldfrjálsri leigu á öðrum rýmum í lengri tíma**. Deildastjórafundur tekur endanlega afstöðu til slíkra beiðna. Forsenda fyrir “styrk” frá Hinu Húsinu er sú að starfsemi sé ekki rekin í ágóðaskyni þ.e. sé öllum notendum að kostnaðarlausu og á vegum ungs fólks og/eða fyrir ungt fólk.

Starfsmenn Upplýsingamiðstöðvar geta bókað eftirfarandi beiðnir:

Gjaldfrjálst

- Ef **ungt fólk eða óformlegir hópar ungs fólks með takmarkaða tekjumöguleika** vilja fá afnot af aðstöðu HH fyrir **eitt eða nokkur skipti** geta starfsmenn Upplýsingamiðstöðvar afgreitt slíkar beiðnir og viðkomandi getur fengið aðstöðuna **án þess að greiða** fyrir ef afnotin eru á opnunartíma Hins Hússins. Annars þarf að greiða fyrir starfsmannakostnað. Starfsmannakostnaður er að lágmarki 4 tímar í yfirvinnu nema ef útleiga er í beinu framhaldi af vakt starfsmanns, en þá greiðist fyrir hvern unnin tíma. Ekki er hægt að leigja út nema að tryggt sé að það sé starfsmaður Hins Hússins á staðnum.

Óformlegir hópar með takmarkaða tekjumöguleika eru skilgreindir sem félagasamtök eða hópar ungs fólks sem eru ekki með fleiri en tvo starfsmenn, eru ekki á fjárlögum/fjárhagsáætlun hjá opinberum aðilum eða hafa ekki aðgang að öðru húsnæði.

- **Starfsstaðir ÍTR** geta fengið aðstöðu í Hinu Húsinu þeim að kostnaðarlausu á opnunartíma. Fyrir utan opnunartíma þarf að greiða fyrir vinnu starfsmanns að lágmarki 4 yfirvinnutíma, nema ef útleiga er í beinu framhaldi af vakt starfsmanns, en þá greiðist fyrir hvern unnin tíma.

Skv. Gjaldskrá

- Ef **formleg félög eða samtök ungs fólks eða samtök sem tengjast ungu fólki** og falla ekki undir framangreinda skilgreiningu á óformlegum hópum óska eftir aðstöðu HH fyrir **eitt eða nokkur skipti** þurfa þau að greiða leigu skv. gjaldskrá.

Hitt Húsið áskilur sér þó þann rétt að skoða hvert tilvik fyrir sig og hafna beiðni um aðstöðu ef svo ber undir.